

4 - 22/23 Fundur Kjaranefndar LEB 10.2. 2023. Fjarfundur

Mætt voru Þorbjörn Guðmundsson, formaður, Sigurbjörg Gísladóttir, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, Ásgerður Pálsdóttir og Jón Ragnar Björnsson, sem ritaði fundargerð. Viðar Eggertsson var á hliðarlínunni.

Formaður rakti kjarabaráttu okkar eldri undanfarin ár. Hún hefur litlu skilað þrátt fyrir baráttu á mörgum sviðum, t.d. fundahöld í aðdraganda kosninga til Alþingis og sveitarstjórna, funda með ráðherrum, talsmönnum verkalyðsfélaga o.fl.

Formannafundur verður haldinn síðar í febrúar til undirbúnings landsfundarins í maí. Kjaranefnd þarf að undirbúa tillögur um aðgerðir í kjaramálum, þær verða lagðar fyrir formannafundinn.

Formaður fór yfir gögn um kjaramál sem hann tók saman: Umræðupunkta/áherslur í kjaramálum, útreikninga um samspil greiðslna Tr. og lífeyrissjóða og graf um sama efni.

Umræðupunktur:

- Fá Þórólf Matthíasson til að kostnaðarmeta áhrif breytinga m.v. mismundandi frítekjumörk (almenna og atvinnutekna), mismunandi skerðingarprósentur og hvað kostar að hækka ellilífeyri í lægsta launataxta á almennum launamarkaði (úr 307.829 kr. í 402.234).
- Fá uppl. frá Tr. um atvinnuþátttöku eldri borgara.
- Lágmarkslífeyrir.
- Lítil ávinningur er að frestun töku lífeyris.
- Ekki skerða fólk sem er undir framfærslumörkum.
- Hvernig tryggjum við ávinning af góðri ávöxtun lífeyrissjóða (sbr. VR)?
- Fólk sem býr erlendis fær ekki heimilisuppbót.
- Sérstök uppbót fyrir þá lægst settu?
- Ellilífeyrir og frítekjumörk breytist skv. launavísitölu.
- „Reglur“ Tr. eru margar hverjar ósanngjarnar og þarf að laga.
- Frestun lífeyristöku skilar litlu. Breyta reglugerð!
- Skoða skattlagningu leigutekna eldra fólks.
- Íbúðakjarnar.
- Bygging hjúkrunar- og dvalarheimila.
- Tryggja samþætta heimaþjónustu.

Samþykkt var að nefndarfolk hugsi 3 - 4 áhersluatriði varðandi kjaramál og reglur Tr. fyrir næsta fund

Næsti fundur fimmtudaginn 16.2.2023 kl 9.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Jón Ragnar Björnsson
Fundarritari

Fylgiskjal 1

Umræðu punktar / Áherslur í kjaramálum

Forsendur eru núverandi ellilífeyri 307.829 kr. og miðgildi lífeyris frá lífeyrissjóðu 212.256 kr.

Samtals lífeyri 435.820 kr.

Ef almennt frítekjumark verði 100.000 kr. annað óbreytt 469.570 kr. Myndi hækka þakið og fjölga þeim sem taka lífeyri frá TR.

Skerðingar prósentu lækki úr 45% í 30% sambærilegt við það sem er í Danmörku annað óbreyt 463.908 kr. Myndi hækka þakið og fjölga þeim sem taka lífeyri frá TR.

Skurðarpunkturinn er við 250.000 kr. lífeyristekjur.

Þeir sem eru með hærri lífeyrissjóðatekjur en 250.000 kr. hafa meiri hag af lækka skerðingar í 30% en hækka frítekjumörk í 100.000 kr.

Kostnaður.

Hækka frítekjumark um 5.000 kr. kostar brúttó 1. milljarð kr. Væntanlega vanmetið vegna fjölgunar lífeyristaka og breytt verðlag.

Atvinnutekjur án skerðinga

Frítekjumarkið er 200.000 kr.

Hefur engin áhrif á þá sem eru komnir af vinnumarkaði

Kostar ekki mikið að hækka frítekjumarkið eða afnema skerðingar vegna þess að gera má ráð fyrir aukinni atvinnuþátttöku og auknum skattgreiðslum.

Lágmarkslífeyri verði aldrei lægri en lægsti umsaminn launataxti

Lægsti launataxti á almennum vinnumarkaði er 402.235 kr. en ellilífeyri 307.829 kr. mismunurinn er 94.406 kr. 30,8% mismunur.

Lífeyri +heimilisuppbót 307.829 kr.+ 77.787 kr. =385.022. kr. mismunur 17.213 kr. eða 4,47% lægri en lægsti launataxti á almennum vinnumarkaði.

Kostnaðarmat liggur ekki fyrir en gera má ráð fyrir að kostnaðarauki sé verulegur

Árleg hækkun ellilífeyris og frítekjumörk hækki árlega samkvæmt launavístölu

Til lengri tíma myndi það auka kaupmátt ellilífeyris

Tryggja að frestun lífeyris skili sér í hærri lífeyri.

Breyta útreiknisreglu með reglugerðarbreytingu

Leigutekjur eldra fólks reiknist til helminga sem tekjur

Almenn regla er að tekjuskattur er reiknaður af helmingi leigutekna

Miðað er við brúttóleigutekjur við útreikni skerðinga og ekki tekið tillit til kostnaðar

Hvernig getum við best bætt kjör þeirra verst settu

Sérstök uppbót til þeirra sem eru undir miðgildi!

Engar skerðingar hjá þeim sem eru undir framfærsluviðmiði!

Tryggja lífeyristökum meiri ávinning af hækkun lífeyris frá lífeyrisjóðum!

Dæmi eru áhrif af hækkun lífeyris hjá LIVE (VR sjóðnum)

Húsnæðismál eldra fólks

Byggðir verði íbúðarkjarnar fyrir eldra fólk með henntugum íbúðum og fjölbreyttri þjónustu.

Uppbygging hjúkrunar-og dvalarheimila fylgi örri fjölgun eldra fólks

Tryggja eldra fólki samþætta heimaþjónustu.

Fylgiskjal 2

TR	Skerðing	Lífeyri TR	Lífey. f.skat	Mismunur	Miðgildi lífeyrisjóður	Frítekjuma	Skerðing %
					212,256		
307829	84,265	223,564	435,820		212,256	25,000	0.45
307829	56,177	251,652	463,908	28,088	212,256	25,000	0.3
307829	50,515	257,314	469,570	33,750	212,256	100,000	0.45

Ávinningur af því að fresta töflu lífeyris			
TR	Lífj.	Skerðing	TR
307,829	212,256	95,515	212,314
363,238	261,075	117,484	224,607
363,238	261,075	117,484	245,755
Frestun til 70 ára			
307,829	261,075	117,484	461,863
363,238	261,075	117,484	483,011

Forsendur	
Lífj.	212,256
Skerðing	0.45
Frítekjuma	25,000.00
Hækkun lífj.	1.23
Hækkun TR	1.18

Áhrif af leigutekjum	
Leiga skerðing	
200,000	90,000
50% leiga skerðing	
100,000	45,000
Forsendur	
Skerðing	0.45

Brottfall úr almennatrygginga kerfinu			
lífeyrist.	Skerðing 30%/25000	Skerðing 45% /25000	Skerðing 45% /100000
Þak á lífeyri	0.3	0.45	100,000
	1,051,000	709,064.0	780,900

Áhrif hækkun lífeyris frá lífeyrisjóðum		
TR	TR-skerðing	Lífeyri lífj.
307,829	84,265	223,564
Samtals lífeyri	435,820	212,256.0
Skattur	409,987	128,940.9
Personuafslátt	25,834	9,803.93
Skattur samtals	59,665	
Útborgun	79,079.84	
	356,739.9	

Hækkun á útborguðum launum 26000 kr.		
TR	TR-skerðing	Lífeyri lífj.
307,829	95,965	211,864
Samtals lífeyri	450,120	238,256
Skattur	409,987	128,941
Personuafslátt	40,133	15,230
Skattur samtals	59,665	
Útborgun	84,506.31	
	365,613	
Hækkun á útborguðum launum	8,873.53	